

Nd.

272. Frumvarp

til laga um að umsjón og fjárhald dómkirkjunnar í Reykjavík sé fengið söfnuði hennar í hendur.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Héðinn Valdimarsson,
Jón Ólafsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja dómkirkjusöfnuðinum í Reykjavík í hendur umsjón og fjárhald dómkirkjunnar með þessum kjörum:

1. Að söfnuðurinn fái úr ríkissjóði allt að 250000 krónum gegn skuldbinding um það, að koma upp kirkju eða kirkjum í Reykjavík fyrir að minnsta kosti $\frac{1}{2}$ milljón króna.
2. Að skuld kirkjunnar við ríkissjóð, ef nokkur verður, falli niður, og
3. Að söfnuðurinn heimili ríkisstjórninni afnot kirkjunnar við prestsvígslur, alþingissetningar og aðrar þær athafnir, sem ríkisstjórnin þarf að nota kirkjuna, gegn þóknun, er nemi lýsing, hitun, ræsting o. fl., sem þessar athafnir hafa í för með sér.

Greinargerð.

Frumvarp svipað þessu var borið fram á síðasta þingi. Má vísa til greinargerðar þess frumvarps (þskj. 179) og kafla, sem þar eru birtir úr bréfi biskups nm málið. Er nú vaknaður sterkur áhugi í söfnuðinum fyrir því, að koma upp nýrri og mjög veglegri kirkju, og fjársöfnun hafin í því skyni. En starf þeirra, sem að þessu vinna, sækist mjög seint og erfiðlega, vegna þess, að menn vita, að ríkið er nú kirkjneigandi og ber því skylda til þess að sjá söfnuðinum fyrir sæmilegri kirkju. Til þess að fá söfnuðinn til að leggja vernlega fram fé til kirkjubyggingar, er nauðsynlegt, að söfnuðrinn sjálfur eigi kirkjuna og hafi veg allan og vanda af henni. Á hinn bóginn er engin von, að söfnuðrinn vilji taka við kirkju þessari án álags, þar sem fyrir dyrum stendur að ráðast í svo stórkostlegar framkvæmdir sem hér eru orðnar nauðsynlegar og kosta mun allt að 1 milljón króna. Eins og nú er, ber ríkinu að gera þetta, og rétt á litið er því ríkið að losa af sér þunngan bagga með því að afhenda söfnuðinum kirkjuna. Má einnig benda á, að fyrir dyrum stendur stór aðgerð á þaki kirkjunnar og viðum, sem fúnir eru orðnir vegna leka. Mun sú aðgerð kosta allmikið fé. Sjálf-sagt myndi söfnuðurinn láta sér nægja, þó að álag þetta væri greitt á löngum tíma, því að það er öruggt fé. Bréf sóknar- og kirkjubyggingarnefndar dómkirkjusafnaðarins er birt hér á eitir sem tylgiskjal.

Fylgiskjal.

Á síðastliðnum ári sner sáknar- og kirkjubyggingarnefndir dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík sér til hins háa Alþingis með áskorun um það, að Alþingi sæi svo um, að fé yrði veitt úr ríkissjóði til byggingar nýrrar kirkju í Reykjavík. Þessi málaleitun bar þó engan árangur að því sinni, og leyfum vér oss því að ítreka hana hér með. Getum vér látið oss nægja að mestu að vísa til hins fyrra erindis vors og nmsagnar biskups landsins um það, en þessi skjöl eru bæði prentuð í athugasemdum við frv. til laga um umsýju og fjárhald dómkirkjunnar í Reykjavík sé fengið söfnuði hennar í hendur, er lagt var fyrir Alþingi 1929 (Alþt. 1929 A. bls. 483 og 485). Vér viljum enn sem fyrr leggja áherzlu á það:

að núverandi kirkja safnaðarins er fyrir löngu orðin allt of litil,

að kirkjan er ríkissjóðskirkja og að ríkinn því er bæði lagalega og siðferðislega skylt að sjá söfnuðinn fyrir nægum kirkjum,

að þrátt fyrir þá skyldu ríkisins, er söfnuðurinn fús til að taka á sig vernlegan hluta af kostnaðinum við byggingu nýrrar kirkju, en

að óvissa sú, sem enn er á því, hvern hluta ríkið vill eiga að nýrri kirkjubyggingu hér í bænum, og því, hver úrslit verða á tilboði safnaðarins um að taka við nmsýju og fjárhaldi dómkirkjunnar, gerir það að verkum, að margir safnaðarmenn eru ófúsir til fjárframlaga til kirkjunnar, meðan svo standa sakir,

að vönduð, ný kirkja mundi kosta nálægt 1 millj. kr. og

að söfnuðurinn fer aðeins fram á, að ríkissjóður greiði $\frac{1}{4}$ hluta þess kostnaðar, 250 þús. kr.

Að þessu öllu athngnu teljum vér það fullvist, að hið háa Alþingi sjái, að málaleitun safnaðarins er mjög í hóf stillt og svo hagfelld lausn á þessu máli fyrir ríkissjóð sem frekast verður á kosið. Vér viljum taka það fram, að frá safnaðarins hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að fjárveitingu þessari verði skipt niður á fleiri ár.

Reykjavík, 8. marz 1930.

Sigurbj. Á. Gíslason. Ólafur Lárnsson. Bjarni Jónsson. Sveinn Jónsson.
Pétur Halldórsson. Magnús Blöndahl. Sigm. Sveinsson. Signrbjörn Þorkelsson.
Jón Halldórsson. F. Hallgrímsson. Matthías Þórðarson.